

## SAMÞYKKT

### um búfjárhald í Vatnsleysustrandarhreppi.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja sem best skipulag búfjárhalds og goða meðferð búfjár í Vatnsleysustrandarhreppi.

#### 2. gr.

Allt búfjárhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdyra, nautgripa, sauðfjár og svína) í Vatnsleysustrandarhreppi er háð samþykki sveitarstjórnar. Skal þess gætt að húsakostur fyrir fénað og fóður sé fullnægjandi, snyrtimennska sé í heiðri höfð og girðingum haldið við. Telji sveitarstjórn búfjárhaldi ábótavant er henni heimilt að banna það hafi viðkomandi búfjáreigandi ekki gert nauðsynlegar úrbætur.

#### 3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að takmarka búfjárfjölda, bæði einstakra tegunda og fjölda búfjár einstakra eigenda, ef þörf krefur. Hámarksfjöldi sauðfjár í fjárbeitarhólfi Brunnastaðahverfis skal vera 120 vetrarfóðraðar kindur er skiptast á jarðirnar Austurkot, Efri-Brunnastaði, Halakot, Hlödunes, Nedri-Brunnastaði, Skjaldarkot, Suðurkot og Tradarkot.

#### 4. gr.

Búfjárbeit er óheimil í ógirtum löndum í hreppnum frá og með 1. desember 1992. Skal allur beitarfénaður vera í vörslu í afgirtum hölfum þegar hann er ekki á húsi. Þó er heimilt að flytja sauðfé til sumarbeitar í afrétt Gullbringusýslu, austan Kleifarvatns og vörslugirðingar höfudborgarsvæðisins og Suðurnesja. Þess skal gætt að öll beitarlönd séu hóflega nýtt og óheimilt er að beita fjárhólf Brunnastaðahverfis á tímabilinu frá 15. nóvember til 15. júní. Fjárnætur annast smölun þess og réttarhald.

#### 5. gr.

Búfjárefirtiltsmaður hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir arvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skyld er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna. Ítrekuð vanræksla og brot gegn samþykkt þessari varða banni gegn búfjárhaldi sbr. 2. gr.

#### 6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta leyfisgjald af búfé utan lögbýla til að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjárefirtilit. Skiptist það í grunn gjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers eiganda. Landbúnaðarráðherra skal gefa út gjaldskrá og birta í Stjórnartíðindum.

#### 7. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að óðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. júní 1992.

Haldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.